



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

9. tbl. október 2013



Meðal efnis:

Skólaþing sveitarfélaga	3
Sjálfbær sveitarfélög - málþing	5
Skólaskýrslan	7
Efnahagsforsendur kjarasamninga	8
Fjármálaráðstefnan 2013	12
Ríkið og velferðarþjónustan	16
Tekjur sveitarfélaga af staðgreiðslu	18

FÉLAGSPJÓNUSTA

Nýr fulltrúi í félagsþjónustunefnd sambandsins



Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 13. september 2013 var

lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 6. september 2013, um endurskipun eins fulltrúa í félagsþjónustunefnd sambandsins í stað Hjalta Þórs Vignissonar, sem hefur beðist lausnar frá setu í nefndinni þar sem hann hyggst láta af störfum sem

bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar á næstu vikum.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Lausn Hjalta Þórs Vignissonar frá setu í félagsþjónustunefnd sambandsins var staðfest og samþykkt að skipa Gunnar Þorgeirsson, oddvita Grímsnes- og Grafningshrepps, í nefndina í stað Hjalta.“

GERT

Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni

Heimasíða GERT opnuð

GERT er skammstöfun verkefnisins Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni, samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka iðnaðarins. Meginmarkmið GERT er að auka áhuga og þekkingu 10 til 15 ára nemenda á raunvísindum og tækni.

Það eru alls 16 skólar víðs vegar af landinu sem sem taka þátt í GERT verkefninu í vetur. Á nýrri heimasíðu verkefnisins má finna upplýsingar um skólana, hugmyndir að leiðum til þess að efla vægi verk-, tækni- og raungreina, aðgerðaáætlun GERT og fleira sem viðkemur verkefninu. Slóðin er: <http://gert.menntamidja.is/>



HILTON REYKJAVÍK NORDICA 4. NÓVEMBER 2013

SKÓLAÞING SVEITARFÉLAGA

DAGSKRÁ

- 08:30 Skráning og lúðrablastur málblásarakvintetts Skólahljómsveitar Grafarvogs
09:00 **Setning og inngangserindi**
Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

I. hluti Dansk grunnskólinn á tímamótum

- 09:15 „Folkeskolereformen“ - Innleiðing nýrrar menntastefnu og vinnutímaskipulags í dönskum grunnskólum
Anders Balle, formaður danska skólastjórafélagsins
- 10:00 Eru fleiri leiðir færar að sama marki?
Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands
- 10:15 Kaffihlé
- 10:40 Hvar erum við og hvert skal stefnt?
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri og fulltrúi í skólamálanefnd og stjórn sambandsins
- 10:55 Fyrirspurnir til Anders Balle, Svanhildar, Gunnars og Halldórs
- 11:15 Umræðuhópar að störfum
- 12:15 Hádegishlé

II. hluti Erum við á réttri leið?

- 13:15 **Ávarp**
Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra
- 13:30 **Kennaramenntun á krossgötum?**
Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- 14:00 **Áhrif sveitarstjórna á grunnskólann**
Kristín Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands
- 14:30 „Tossarnir“
Lóa Pind Aldisardóttir, fréttamaður á Stöð 2
- 14:45 **Erlshávaði – hljóðvistarmál í leikskólum**
Valdís Ingibjörg Jónsdóttir talmeinafræðingur
- 15:00 Kaffihlé

III. hluti Skóli og samfélag

- 15:20 **Samrekinn, samningsskóli og sá eini í sveitarfélaginu – er þetta hægt?**
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti Tálknafjarðarhrepps
- 15:30 **Samstarf Vinnuskóla Fjarðabyggðar og Verkmenntaskóla Austurlands**
Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir áfangastjóri
- 15:40 **Hafa foreldrar áhrif á skólastarf?**
Ketill Berg Magnússon, formaður Heimilis og skóla
- 15:50 **Samstarf Vinnuskóla Grindavíkur og Codland**
Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík
- 16:00 **Reynsla Reykjavíkurborgar af samkomulagi um eflingu tónlistarfræðslu**
Sigfríður Björnsdóttir, deildarstjóri listfræðslu hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur
- 16:10 Fyrirspurnir úr sal
- 16:20 **Þingslit**
Svanfríður Inga Jónsdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar

Fundarstjórar:

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri og
Guðríður Arnardóttir, varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Skráning á skólaþingið hefst mánudaginn 7. október á vef sambandsins www.samband.is.

Ítarefni vegna skólaþingsins er á slóðinni www.samband.is/skolathing-2013.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga

Fyrsti sjávarútvegsfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga voru stofnuð fyrir um ári og eru aðildarsveitarfélög nú 26. Tilgangur samtakanna er m.a. að standa vörð um sameiginlega hagsmuni aðildarsveitarfélaganna og íbúa þeirra í öllum málum sem tengjast nýtingu sjávarauðlindarinnar í veiðum og vinnslu. Aðildarsveitarfélögin eiga það sameiginlegt að hátt hlutfall starfandi fólks er í veiðum og vinnslu og því eru beinir hagsmunir gríðarlegir þegar kemur að ákvörðunum um nýtingu auðlindarinnar og ráðstöfun veiðigjalda.

Samkvæmt samþykktum samtakanna ber að halda sjávarútvegsfund það ár sem ekki er haldinn aðalfundur. Því var fyrsti sjávarútvegsfundur samtakanna haldinn 2. október síðastliðinn. Þema fundarins var „Sjávarútvegur og byggðaaðgerðir“. Glímt var við spurningar eins og hverjar væru helstu ástæður fyrir fækkun starfa í sjávarbyggðum, hvort hægt væri að bregðast við og þá hvernig, og hvernig unnt væri að tryggja meiri byggðafestu í sjávarbyggðum.

Sjávarútvegsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, ávarpaði fundinn í upphafi og reifaði m.a. ýmis álitaefni varðandi stjórn fiskveiða. Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri

Byggðastofnunar, flutti inngangserindi og ræddi m.a. um fækkun starfa í sjávarbyggðum. Hann greindi frá nýjum upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsóknnum Hagstofu Íslands, en samkvæmt þeim hefur störfum í veiðum og vinnslu fækkað um 17% á árabílinu 2003–2012 á meðan heildarfjöldi starfandi jókst um 8%. Á þessu tímabili fækkaði störfum í sjávarútvegi um 100 á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma og störfum í sjávarútvegi úti á landi fækkaði um 1.800.

Hinrik Greipsson, sérfræðingur í atvinnuvegaráðuneytinu, fjallaði um byggðakvóta og Vilhjálmur Egilsson, rektor á Bifröst, fjallaði um þá hugmynd að fiskvinnslur mætti eiga kvóta. Líflegar umræður spunnust um erindi þeirra, en um 50 manns sátu fundinn.

Fundurinn var efnisríkur og skilaði ýmsum áhugaverðum upplýsingum og hugmyndum sem Róbert Ragnarsson, ritari stjórnar, tók saman og munu þær m.a. birtast á [heimasíðu samtakanna](#) en þar má finna ýmislegt um samtökin og áherslur þeirra.

Sjálfbær sveitarfélög – áskoranir og lausnir –

Cabin Hotel, Borgartúni, fimmtudaginn 7. nóvember kl. 10:00–16:30

Tilgangur með málþinginu er að leiða saman alla áhugasama um frangang sjálfbærni í sveitarfélögum. Stefnt er að því að þátttakendur fái tækifæri til að skiptast á hugmyndum og upplýsingum og ræði hvaða sérstöku hlutverki sveitarfélög hafa að gegna. Hvað skiptir mestu máli fyrir velgengni/velferð sveitarfélaga?

Framtíð okkar er fólgin í sjálfbæru samfélagi og

munu sveitarfélög leggja sitt til að mörkum að svo geti orðið. Mörg spennandi verkefni eru unnin hjá sveitarfélögum, svo sem í skipulagsmálum og með Grænánaverkefninu. Tilvalið er að kynna þau út á við, til eftirbreytni og fyrirmyndar. Einnig er áhugavert að velta fyrir sér að hve miklu leyti sjálfbærnistefna hefur borið árangur. Kynntar verða nokkrar goðsagnir um sjálfbærni og þær hraktar.

10:00 **Kynning**

10:05 **Ávarp**

Ragnar F. Kristjánsson, forseti sveitarstjórnar Borgarbyggðar

10:20 **Goðsagnir um sjálfbæra þróun – hvernig bæta má norræna stefnu- mótun um sjálfbæra neyslu**

Elva Dögg Jónsdóttir, Umhverfisstofnun

10:40 **Samgöngur – orka og orkuskipti í skipum**

Jón Bernódusson, Samgöngustofu

11:00 **Nýtt hverfaskipulag í Reykjavík**

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar

11:20 **Rammaskipulag fyrir Suðurrhálendið**

Gísli Gíslason, Steinsholt arkitektastofa

11:40 **Blá-grænar ofanvatnslausnir. Sparnaður, minni vandamál og betra umhverfi**

Halldóra Hreggviðsdóttir, ráðgafar- fyrirtaekinu ALTA

12:00 **Hádegisverður**

Kostnaður við þátttöku á málþinginu er kr. 2.000, og er kaffi og meðlæti innifalið í því. Þátttakendum býðst hádegisverður á Hótel Cabin á kr. 1.490.

13:00 **Tækifærin liggja í loftinu: samvinna Landverndar og sveitarfélaga í loftslagsmálum**

Rannveig Magnúsdóttir og Guðmundur I. Guðbrandsson, Landvernd

13:20 **Skólasamfélagið á grænni grein: um grænánaverkefnið**

Gerður Magnúsdóttir, Landvernd

13:40 **Þróun úrgangsmála á Suðurlandi – árangur og hindranir**

Guðmundur T. Ólafsson – Sorpstöð Suðurlands

14:00 **Niðurstöður Samleiðni- verkefnisins og hugsanlegt framhald**

Sigrún María Kristinsdóttir, doktorsnemi HÍ

14:20 **Meðhöndlun lífræns úrgangs í grunnskóla**

Heiðarskóli í Hvalfjarðarsveit

14:40 **Kaffihlé**

15:00 **Virkir þátttakendur á málþinginu – hópvinna og umræður**

- Hvað er mikilvægast fyrir sjálfbært samfélag? Er hægt að forgangsraða?
- Vinnuhópar kynna niðurstöður sínar
- Hvernig er hægt að vinna verkefnum sem eru í gangi og nýjum verkefnum brautar- gengi?

[Skráning á málþingið.](#)

ALÞJÓÐAMÁL

Dönsk sveitarfélög vinna að því að skapa atvinnutækifæri í Noregi



Atvinnuleysi er vandamál í Danmörku og þar reka sveitarfélögin svokölluð „jobcentre“ til að aðstoða atvinnulausa við að finna störf. Þrjú sveitarfélög á Norður-Jótlandi hafa ráðist í Noregsverkefni sem danska sveitarfélagasambandið hefur bent á sem fyrirmyndarverkefni. Þau réðu sérstakan Noregráðgjafa til að finna störf í Noregi fyrir atvinnulausa íbúa sína. Markmiðið

var að útvega 200 störf fyrir október 2014. Það markmið virðist raunhæft því nú þegar hafa 130 fengið störf í Noregi. Þau eru líka að ráða ráðgjafa til að vinna í Noregi að því að útvega fyrirtækjum í dönsku sveitarfélögunum undirverktakaverkefni frá norskum fyrirtækjum. Danir virðast því vera að nýta sér tækifærin í Noregi á virkari hátt en gert hefur verið hér á landi.

Skólaskýrslan komin út



Skólaskýrsla 2013 er nýkomin út hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í skýrslunni er bæði fjallað um leikskóla og grunnskóla og má þar finna ýmsar magntölur yfir nemendur, skóla, starfsfólk og rekstrarkostnað.

Meðal annars kemur fram að heilsdagsígildum barna í leikskólum hefur fjölgað um 65% frá 1998 á meðan leikskólábörnum fjölgaði um 30%. Árið 2012 eru heilsdagsígildi leikskólabarna í fyrsta sinn fleiri en fjöldi þeirra. Þessi þróun gefur skýra vísbendingu um lengingu viðveru barna á leikskóla.

Hlutfall starfandi leikskólakennara er 37% af þeim er sinna uppeldis- og menntastörfum árið 2012 sem er einu prósentustigi lægra en árið 2011. Þjónustutekjur vegna leikskóla jukust um 9% að raungildi árið 2012 m.v. fyrra ár og eru 18% af rekstrarkostnaði leikskóla. Heildarrekstrarkostnaður leikskóla dróst saman um 1% að raungildi á sama tíma.

Grunnskólanemendum í heild fer lítillega fækkandi frá árinu 2004. Fjöldi

grunnskólakennara stendur nokkuð í stað árið 2012 m.v. fyrra ár, en kennurum án kennsluréttinda fækkar um 10%. Í heildina fækkar starfsfólki við kennslu um 1% milli ára. Árið 2012 er hlutfall starfandi grunnskólakennara 97% á Íslandi og hefur aldrei verið hærra.

Heildar rekstrarkostnaður vegna grunnskóla lækkaði að raungildi um 3% árið 2012 m.v. fyrra ár. Þróunin frá árinu 2009 er sú að kostnaður hefur lækkað að raungildi milli ára.

Til viðbótar þessu eru birtar töflur í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni þar sem valdar lykiltölur eru birtar fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig. Vakin er athygli á því að í fyrsta sinn er fjallað um innri leigu í skýrslunni og henni gerð sérstök skil í fylgiskjöllum 8 og 17.

Skýrsluna vann Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga (valgerdur@samband.is).

Skólaskýrsla 2013 er fánleg í prentuðu formi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga gegn 3.000 kr. gjaldi. Sigríður Inga Sturludóttir tekur á móti pöntunum í síma 515 4900 eða í gegnum netfangið sigridur@samband.is.

KJARAMÁL

Skýrslur samstarfsnefndarinnar um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga

Með samkomulagi sl. vor stofnuðu stærstu aðilar á vinnumarkaði Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga (SALEK). Að nefndinni standa fern heildarsamtök launafólks, þ.e. ASÍ, BSRB, BHM og KÍ og af hálfu vinnuveitenda eru það SA, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Nefndin hefur það hlutverk að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og auka skilvirkni við gerð þeirra. Nefndin hefur nú þegar gefið út tvær skýrslur með upplýsingum til undirbúnings komandi kjaraviðræðum.

Í maí 2013 kom út skýrslan „Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum“. Þar er leitað í smiðju systursamtaka annars staðar á Norðurlöndunum og skoðað hvernig aðilar vinnumarkaðarins í hverju landi standa að undirbúningi kjaraviðræðna. Annars staðar á Norðurlöndum felst undirbúningur kjarasamninga m.a. í mótun sameiginlegrar sýnar aðila vinnumarkaðarins á efnahagsmál og á þróun launa og þær launabreytingar sem samrýmast stöðugleika í efnahagsmálum.

Í október 2013 kom út skýrslan „Í aðdraganda kjarasamninga, efnahagshverfi og launaþróun“. Í skýrslunni koma fram upplýsingar um þróun launa á árunum 2006 til 2013 og ýtarleg greining á helstu efnahagsforsendum kjarasamninga. Við gerð skýrslunnar var leitað samstarfs við Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, fjármálaráðherra og fleiri aðila um upplýsingar og úrvinnslu.



Upplýsingar úr skýrslunni „Í aðdraganda kjarasamninga, efnahagsumhverfi og launaþróun.“


Launaskrið á almennum vinnumarkaði meiri en hjá ríki og sveitarfélögum

Á öllu tímabilinu 2006-2013 hefur launaskriðið hjá ríki og sveitarfélögum verið jafnt, en laun á almennum markaði hækkað nokkru meira en hjá hinu opinbera. Þannig hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 3,8% umfram laun hjá ríkinu og um 4,3% umfram laun hjá sveitarfélögum. Ef lítið er til árána 2006 til 2009 hækkuðu laun

á almenna markaðnum minna en á hinum opinbera, en frá 2009 til 2013 hækkuðu laun til muna meira á almenna markaðnum eins og fram kemur á mynd 1.

Laun á opinberum vinnumarkaði hækkuðu meira en á almennum markaði árið 2008 og enn frekar á árinu 2009. Þessi þróun snerist við árin 2010 og 2011, m.a. vegna væntinga um aukin umsvif í efnahagslífinu sem kjarasamningar 2011 byggðu á og aukins aðhalds í opinberum rekstri.

Mynd 1. Launaþróun á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum



*Meðaltal tveggja fyrstu ársfjórðunga 2013.

Upplýsingar úr skýrslunni „Í aðdraganda kjarasamninga, efnahagsumhverfi og launaþróun.“

Launaþróun karla og kvenna 2006 til 2013


Á myndum 3-6 má sjá launaþróun eftir kynjum frá nóvember 2006 til maí 2013. Þar kemur fram að í flestum heildarsamtökum og samningssviðum, þ.e. almenna markaðinum, hjá ríki og hjá sveitarfélögum, hafa laun kvenna hækkað meira en karla á tímabilinu. Á því eru þó tvær undantekningar; annars vegar hækkuðu laun kvenna hjá ríkinu í BSRB um 0,8% minna en karla og hins vegar hækkuðu laun kvenna í aðildarfélögum KÍ hjá sveitarfélagunum um 0,6% minna en karla. Laun kvenna í aðildarfélögum ASÍ hafa hækkað umfram karla á öllum þremur samningssviðunum, mest á almennum vinnumarkaði þar sem munurinn er 5,3%. Konur í aðildarfélögum BSRB sem starfa hjá sveitarfélögum hafa hækkað um 6,6% umfram karla og svipað er uppi á teningnum

hjá konum innan aðildarfélaga BHM sem starfa hjá sveitarfélögum.


Vakin er athygli á því að laun kvenna hækka meira en hjá körlum innan aðildarfélaga BSRB milli 2012 og 2013. Þetta gengur þvert á fullyrðingar talsmanna BSRB sem segja að launamunur karla og kvenna hafi aukist á árinu 2013 m.v. árið á undan.

Allar launatölur sem unnið er með koma úr gagnasafni Hagstofu Íslands. Tölurnar eru settar fram með þeim hætti að launavísitölu karla á hverju ári er deilt í launavísitölu kvenna og margfaldað með 100. Þannig fæst vísitala sem tekur gildi hærra en 100 á tilteknu ári ef uppsöfnuð launahækkun er meiri meðal kvenna en karla.


Mynd 3. Þróun launa kvenna umfram karla í aðildarfélögum ASÍ




Mynd 4. Þróun launa kvenna umfram karla í aðildarfélögum BHM.



Mynd 5. Þróun launa kvenna umfram karla í aðildarfélögum BSRB.



Mynd 6. Þróun launa kvenna umfram karla í aðildarfélögum KÍ



FJÁRMÁL

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2013

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin á Hilton Nordica Hótel í Reykjavík dagana 3. og 4. október sl. Alls sóttu ráðstefnuna ríflega 420 manns allsstaðar að af landinu.

Sú nýbreytni var tekin upp á ráðstefnunni að Halldór Halldórsson, formaður sambandsins og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra áttu samtali undir styrki stjórn Þóru

Arnórsdóttur fjölmiðlakonu. Þótti sú nýjung takast vel og verður að öllum líkindum endurtekin að ári. Í lok fyrri dags flutti Gísli Einarsson fréttamaður eftirminnilega hugvekju um fjármál sveitarfélaga.

Hér á opnunni má sjá nokkrar svipmyndir frá ráðstefnunni.






Samtal Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Halldórs Halldórssonar, formanns sambandsins undir stjórn Þóru Arnórsdóttur fjölmiðlakonu þótti takast vel. Hér að ofan má sjá þau við upphaf samtalsins.



SKIPULAGSMÁL

Samráðsfundur byggingarfulltrúa sveitarfélaga og Mannvirkjastofnunar



Allt frá gildistöku mannvirkjalaga í ársbyrjun 2011 hefur verið unnið að því að þróa reglubundið samstarf Mannvirkjastofnunar og byggingarfulltrúa sveitarfélaga. Í þessu skyni var ákveðið að halda samráðsfund sem gæti verið vísir að árlegum viðburði, þar sem sérfræðingar og stjórnendur Mannvirkjastofnunar (MVS)

hittu byggingarfulltrúa til þess að fara yfir sameiginleg málefni. Fyrirmynd að slíkum vettvangi er til staðar í öðrum málaflokkum, m.a. í skipulagsmálum þar sem hefð og góð reynsla er komin á árlega samráðsfundi milli Skipulagsstofnunar, skipulagsfulltrúa sveitarfélaga og kjörinna fulltrúa.

Þessi fyrsti samráðsfundur MVS og byggingarfulltrúa fór fram í Reykjavík dagana 17. og 18. október sl. og var fundað eftir hádegi fyrri daginn og fyrir hádegi þann síðari. Félag byggingarfulltrúa stóð að skipulagningu fundarins ásamt MVS og var vel mætt til fundarins. Til umræðu voru ýmis málefni, m.a. hvort grá svæði væru milli hlutverks MVS og hlutverks sveitarfélaga við byggingareftirlit. Þá var enn fremur fjallað um vottanir, og gæðakerfi í byggingariðnaði. Mesta umfjöllun fengu hins vegar þær skoðunarhandbækur sem MVS vinnur að því að þróa og munu fyrir sjáanlega verða mikilvægur liður í starfi byggingarfulltrúa. Fóru fram líflegar umræður í hópum um form og efni skoðunarhandbóka og þá framtíðarsýn að byggingareftirlit á vettvangi verði í síauknum mæli rafrænt, m.a. með aðstoð spjaldtölva.

Stuðningur við byggingarfulltrúa

Þá kom fram á fundinum að MVS væri komin vel áleiðis með að þróa rafræna byggingargátt fyrir móttöku á byggingarleyfisumsóknum í gegnum vefinn. Þessi lausn stendur þeim sveitarfélögum til boða sem ekki hafa þróað aðrar leiðir í rafrænni stjórnsýslu byggingarmála.

Fundarmenn voru almennt mjög ánægðir með það hvernig til tókst með þennan fyrsta reglubundna samráðsfund og verður að telja líklegt að hann muni festa sig í sessi. Sambandið hefur lagt áherslu á að þessi nýi vettvangur verði nýttur til fræðslu og til þess að veita byggingarfulltrúum á landsvísu stuðning í störfum.

Umhverfisþing 2013

VIII. Umhverfisþing verður haldið í tónlistarhúsinu Hörpu föstudaginn 8. nóvember nk. Þingið verður sett kl. 9:00 með ávarpi Sigurðar Inga Jóhannssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra. Áformað er að þinginu ljúki kl. 16:30. Þinginu verður skipt upp í tvær málsstofur seinni hluta dags og er umræðuefnið í annarri málsstofunni „Sjálfbær landnýting“ en „Skipulag haf- og strandsvæða“ í hinni.

Skráning er hafin á [vef umhverfisráðuneytisins](#) og þar má einnig finna dagskrá þingsins.



FÉLAGSPJÓNUSTA

Er ríkið að láta sveitarfélögin sjá um velferðarþjónustu sem það ber ábyrgð á?

Á fundi félagsþjónustunefndar sambandsins sem haldinn var 9. október 2013 kynnti Stella Kristín Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, minnisblað um málefni sem oft hafa verið rædd í velferðarráði borgarinnar og varða þróun samskipta ríkis og sveitarfélaga, skörun verksviða og grá svæði. Í minnisblaðinu eru nefnd ýmis dæmi um að stefna ríkisins og ákvarðanir um hagræðingu í ríkisrekstri auki þrýsting á þá þjónustu sem sveitarfélögin veita íbúum sínum. Nefna má sem dæmi að eftir flutning þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 hafi Barnaverndarstofa ítrekað vísað ábyrgð á þjónustu við börn með fötlunargreiningar yfir til sveitarfélaga, þrátt fyrir að fötluð börn eigi sama rétt og ófötluð börn til þess að njóta þjónustu og úrræða sem Barnaverndarstofa veitir lögum samkvæmt. Annað dæmi er að sveitarfélögum gengur illa að fá framlög frá ríki til að bæta upp hallarekstur stofnana á sviði öldrunarmála. Daggjöld frá ríkinu duga hins vegar í sífellt minna mæli fyrir rekstri þessara stofnana. Fjöldmörg önnur dæmi eru nefnd í minnisblaðinu, svo sem þjónusta borgarinnar við utangarðsfólk og fólk með vímuefnavanda o.m.fl. Ákveðið var að halda



umfjöllun um málið áfram á næsta fundi nefndarinnar.

Einnig varð umfjöllun um sama málefni á fundi stjórnar sambandsins sem haldinn var 25. október sl. Niðurstaða þeirrar umræðu var að fela lögfræði- og velferðarsviði sambandsins að taka saman yfirlit sem lagt verði fyrir svonefnda Jónsmessunefnd, sem er samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga og starfar á grundvelli 128. gr. sveitarstjórnarlaga í þeim tilgangi að vera vettvangur fyrir reglulega umfjöllun um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga.

Árbók sveitarfélaga komin út

Árbók sveitarfélaga 2013 er komin út. Er þetta í 29. skiptið sem hún er gefin út en prentuð eintök hennar eru afar vinsæl meðal sveitarstjórnarmanna sem og margra annarra sem láta sig sveitarstjórnarmál varða.



Auk allra rekstrar- og efnahagsstærða sem settar eru fram í árbókinni er þar umfjöllun um þjóðhagslega stöðu sveitarfélaganna og fjárhagslegt umhverfi þeirra.

Í árbókinni kemur m.a. fram að fjármálakreppan komi jafnvel meira við sveitarfélögin en aðra margháttða starfsemi í samfélaginu, því afleiðingar þess erfiða ástands sem er víða til staðar, kemur beint inn á borð þeirra í tengslum við fjölmörg lögskipuð verkefni þeirra. Má þar nefna aukna þörf á félagslegri aðstoð, afleiðingar mikils og viðvarandi atvinnuleysis, almennar verðhækkanir, auknar álögur ríkisvaldsins og mikinn brottflutning fólks af landinu.

Við bankahrunið stöðvuðust mjög víða framkvæmdir við húsnæði sem var í

byggingu en síðustu tvö ár hefur orðið vart við aukinn vöxt í byggingu íbúðahúsnæðis. Fasteignaviðskipti hafa aukist og hafa t.a.m. fjöldi kaupsamninga aukist um 47% frá árinu 2010.

Afkoman fer batnandi

Í bókinni er farið yfir nokkur helstu atriði er varðar afkomu sveitarfélaganna á árunum 2002-2012. Afkoma sveitarfélaganna batnaði heldur í heildina tekið á árinu 2012 og varð þannig framhald á þróun síðustu ára. Afkoma sveitarfélaganna er þó æði misjöfn, skuldsetning er í nokkrum tilvikum það mikil að viðkomandi sveitarfélög eiga fyrir höndum vandasama vegferð. Hjá öðrum skilar reksturinn of litlum afgangi svo erfitt er að standa undir afborgunum og vöxtum enda þótt skuldir séu ekki óhóflega miklar sem hlutfall af tekjum. Hjá enn öðrum er afkoman góð og skuldir hógværar.

Líkt og undanfarin ár annaðist Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, alla vinnslu talnaefnis úr ársreikningum og uppsetningu á töflum.

Unnt er að panta bókina hjá Sigríði I. Sturludóttur í gegnum netfangið sigridur@samband.is eða í síma 515 4900 og kostar hún 3.700 krónur.

FJÁRMÁL

Tekjur sveitarfélaganna af staðgreiðslu fyrstu níu mánuði ársins



Greiddar staðgreiðslutekjur til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrstu 9 mánuði ársins 2013 voru 104,6 milljarðar króna. Á sama tíma í fyrra voru samsvarandi tekjur 99,6 milljarðar. Þetta er ca. 5% hækkun staðgreiðslutekna milli ára. Nokkurn breytileika er hins vegar að finna í þessum eignum milli einstakra sveitarfélaga. Á heimasíðu sambandsins er að finna upplýsingar um greidda

staðgreiðslu hjá hverju og einu sveitarfélagi. Þær eru sundurliðaðar eftir sveitarfélögum, mánuðum og nokkur ár aftur í tímann. Þar er hægt að skoða með einföldum hætti hvernig þróun staðgreiðslunnar hefur verið hjá einstökum sveitarfélögum. Upplýsingar um staðgreiðsluna er uppfærðar mánaðarlega á [heimasíðu sambandsins](#).

ALÞJÓÐAMÁL

Námsferð til Skotlands

Sambandið stóð fyrir námsferð til Skotlands í byrjun september sl. Ferðin var opin fyrir alla sveitarstjórnarmenn en við skipulagningu voru sérstaklega hafðir í huga framkvæmdastjórar sveitarfélaga og stjórnendur á fjármála- og stjórnsýslusviðum. Þátttakendur í ferðinni voru 33. Skoska sveitarfélagasambandið, COSLA, aðstoðaði við skipulagningu. Hópurinn hitti fulltrúa sveitarstjórnarráðuneytis Skotlands, forsvarsmenn COSLA og SOLACE Scotland sem eru samtök æðstu ráðinna stjórnenda skoskra sveitarfélaga. Hann heimsótti einnig Þróunarstofnun skoskra sveitarfélaga, „Improvement Service“, og forsvarsmenn West Lothian Council tóku á móti hópnum, en þetta nágrannasveitarfélag Edinborgar hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir framúrskarandi þróunarverkefni í stjórnsýslu sinni og þjónustu.

Skosk sveitarfélög beita margs konar árangursstjórnunarverkfærum sem íslensk sveitarfélög þekkja lítið til og njóta í því sambandi aðstoðar Þróunarstofnunar sveitarfélaga. Það var einnig einkar áhugavert að kynnast því hvernig skosk sveitarfélög taka heildstæða ábyrgð á

velferð íbúa sinna og leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir í samstarfi við þjónustustofnanir ríkisins, þriðja geirann og atvinnulífið til að draga úr kostnaði við velferðarkerfið og veita íbúum skilvirkari þjónustu. Ramminn fyrir þessar aðgerðir, „Community Planning“, er í sveitarstjórnarlögum. Samantekt um ferðina með upplýsingum um skosk sveitarfélög má finna á [vef sambandsins](#).

Samband íslenskra sveitarfélaga

"We want to provide an improved quality of life for everyone that lives, works and does business in West Lothian"

Delivering Better Outcomes
West Lothian Council

West Lothian Community Plan: Towards 2020

Námsferð til Skotlands í september 2013

Hér kemur undirfyrirskriftin ef á þarf að halda

2013/28



Kynning á starfsmönnum sambandsins



**Anna Guðrún
Björnsdóttir**

Anna Guðrún hóf störf á
þróunar- og alþjóðasviði 1.
október 2001.

Anna er sviðsstjóri
þróunar- og alþjóðasviðs og ber ábyrgð
á og vinnur að framþróun og nýsköpun
í stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga
ásamt lýðræðisumbótum. Stýrir
hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga
gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu og
hefur umsjón með erlendum samskiptum
sambandsins.



**Magnús Karel
Hannesson**

Magnús Karel hóf störf á
rekstrar- og útgáfusviði 1.
ágúst 2001.

Magnús er sviðsstjóri rekstrar- og
útgáfusviðs og ber sem slíkur
ábyrgð á fjárhagslegum rekstri
sambandsins, almennu skrifstofuhaldi
og starfsmannahaldi. Hann hefur
umsjón með gerð fjárhagsáætlana og
árlegum reikningsskilum sambandsins.
Stýrir stoðþjónustu við önnur svið
sambandsins.



**Berglind Eva
Ólafsdóttir**

Berglind hóf störf á
kjarasviði 5. nóvember
2001.

Hún vinnur við
starfsmatskerfið SAMSTARF og
framkvæmir grunnmat og endurmat starfa
í því ásamt upplýsingagjöf og ráðgjöf til
yfirmanna starfsmannamála sveitarfélaga
og launafulltrúa.



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2013/26

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*